



Alþingi  
Erindi nr. P 122/1096  
komudagur 10.3.198

# VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS

CONFEDERATION OF ICELANDIC EMPLOYERS

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
  
150 REYKJAVÍK

GARÐASTRÆTI 41  
Garðastræti 41  
PÓSTHÓLF 520  
P.O. Box 520

SÍMI 511 5000  
Tel. 354-511 5000 - Fax. 354 511 5050  
121 REYKJAVÍK  
121 Reykjavík

ÍSLAND  
Iceland

TILV. YDAR  
Your ref.

BRÉF YDAR  
Your letter

TILV. VOR  
Our ref.

DAGS  
Date

HS/jg

Rvk. 9.3.1997

## Efni: Frumvarp til laga um lögmenn

Vinnuveitendasambandi Íslands hafa borist fregnir af því að Lögmannafélag Íslands hafi lagst gegn því að ákvæði frumvarpsins yrðu rýmkuð þannig að lögmönnum í þjónustu félagasamtaka verði áfram heimilt að sinna lögmannsstörfum fyrir samtökin og félagsmenn þeirra.

VSÍ mótmælir eindregið þeirri afstöðu Lögmannafélagsins að tryggja beri lögmönnum sem reka lögmannsstofu einokunaraðstöðu. VSÍ telur að með því sé ekki aðeins vegið að atvinnufrelsi lögmanna heldur einnig rétti félagasamtaka á borð við VSÍ til að ráða því hvaða þjónustu þau veita félagsmönnum sínum og í hvaða formi. Þá skal bent á að VSÍ er ekki kunnugt um að sambærilegar kvaðir hafi verið lagðar á aðrar starfsstéttir sem njóta löggildingar.

Að öðru leyti visast til bréfs VSÍ dags. 2. þ.m. og þeirrar tillögu sem þar er sett fram. Ef það mætti verða til samkomulags er hugsanlegt að binda undantekningarheimildina við starfssvið hlutaðeigandi samtaka. Nýr málsliður, 3. tl., yrði þá svohljóðandi:

gegnir föstu starfi hjá félagasamtökum enda veiti hann engum öðrum en þeim samtökunum eða félagsmönnum þeirra þjónustu og þjónustan falli innan starfssviðs samtakanna.

Virðingarfyllst,

Þórarinn V. Þórarinnsson, framkvæmdastjóri.